

REGLUR

um breytingu á reglum fyrir Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma nr. 775/2015.

1. gr.

Í stað orðsins „forstjóri“ í 5., 6., 10. og 11. gr. reglnanna kemur í viðeigandi beygingarmynd: framkvæmdastjóri.

2. gr.

8. gr. reglnanna orðast svo:

Kirkjugarðsstjórn skal á aðalfundi kjósa úr sínum hópi til tveggja ára í senn, formann, tvo meðstjórnendur og tvo varamenn í framkvæmdastjórn. Formaður skal kosinn sérstaklega.

Á tveggja ára fresti skal hluti kjörinna aðalmanna og varamanna ganga úr framkvæmdastjórn sem hér segir:

Árið 2022 skal formaður og annar varamaður ganga úr framkvæmdastjórn.

Árið 2023 skulu tveir meðstjórnendur og einn varamaður ganga úr framkvæmdastjórn.

Skal síðan kosið um hluta framkvæmdastjórnar á tveggja ára fresti í samræmi við 2. mgr. ákvæðis þessa.

Engum er heimilt að sitja samfelt í stjórn lengur en þrjú kjörtímabil.

Ef stjórnarmenn láta af störfum í sóknarnefnd á kjörtímabilinu er þeim heimilt að sitja í stjórn fram að næsta aðalfundi.

Framkvæmdastjórn annast þau verkefni, í umboði og á ábyrgð kirkjugarðsstjórnar, sem henni eru fengin með reglum þessum. Formaður og varaformaður framkvæmdastjórnar skulu jafnframt vera formaður og varaformaður kirkjugarðsstjórnar.

Kirkjugarðsstjórn ákveður þóknun til þeirra sem sitja í framkvæmdastjórn.

3. gr.

Reglur þessar eru settar að tillögu kirkjugarðsstjórnar Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma samkvæmt heimild í 51. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993, og öðlast þegar gildi.

Dómsmálaráðuneytinu, 8. júlí 2021.

F. h. r.

Berglind Bára Sigurjónsdóttir.

Fanney Óskarsdóttir.